

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/2025

frá 11. júlí 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2620 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar kröfur er varða að líta svo á að gróðurhúsalofttegundir séu orðnar varanlega bundnar með efnatengjum í vöru ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2493 frá 23. september 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að því er varðar uppfærslu á vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21aly (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2951):

„21alz. **32024 R 2620**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2620 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar kröfur er varða að líta svo á að gróðurhúsalofttegundir séu orðnar varanlega bundnar með efnatengjum í vöru (Stjtið. ESB L, 2024/2620, 4.10.2024).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21apj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2620, 4.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2620/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2493, 27.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2493/oj

„– **32024 R 2493**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2493 frá 23. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2493, 27.9.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2620 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2493, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júlí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.